

Hverfisnefnd Naustahverfis

3. fundur hverfisnefndar Naustahverfis miðvikudag 2 maí 2007 haldin í Nautatjörn
Mættir voru : Bjarni Sigursson, Hjálmar Guðmundsson og Hrafnhildur E. Karlsdóttir

Formaður bauð nefndarmenn velkomna.

1. Bjarni skýrði frá samtölum sínum við starfsmann framkvæmdadeildar Ak bæjar varðandi umferðarmerkingar, grenndarvöll og fl.

2. Formanni var falið að grennslan fyrir um bréf til Skólanefndar sem skilað var í afgreiðslu bæjarskrifstofunnar í byrjun mars, en ekkert svar hefur borist.

Nefndarmenn heyra það á íbúum að mikil óánægja er með frestun á stofnun skóla í hverfinu.

3. Nefndarmenn lýstu yfir áhyggjum sínum af aukinni umferð framhjá leikskóla hverfisins en allur jarðvegsflutningur til og frá Golfvellingum er fyrirhuguð um Sómatún og Kjarnagötu.

4. Tillaga um að halda íbúáþing á næstu dögum var rædd og samþykkt að hafa samband við þá nefndarmenn sem voru fjarverandi og ræða málið.

5. Stofnæðar inni hverfið bar á góma og formanni falið að grennslast fyrir um Miðhúsabraut og tímasetningar

6. Formanni falið að fara á fund hverfisnefnda og stjórnarsýslunefndar 30. maí nk.

Formanni falið að boða til næsta fundar

Fundi slitið